



HRUNAMANNAHREPPUR

2. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026 8. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 23. JÚNÍ 2022

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2022, þann 23. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson, Alexandra Rós Jóhannesdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Jón Bjarnason setti fund og stjórnnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, aukning á starfshlutfalli talmeinafræðings. Sveitarstjórn samþykkir að erindið verði lagt fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Samþykktir Hrunamannahrepps: Fyrri umræða.**

Oddviti lagði fram tillögu á breytingum á samþykktum Hrunamannahrepps til fyrri umræðu. Í tillögunni er gert ráð fyrir að fundum sveitarstjórnar fjölgi og verði tveir í mánuði og nafni landbúnaðarnefndar verði breytt í afréttarmálanefnd. Umræða varð um málið. Sveitarstjórn vísar málinu til seinni umræðu á næsta sveitarstjórnarfundi.
- 2. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Hrunamannahreppi.**

Oddviti kynnti siðareglur kjörinna fulltrúa í Hrunamannahreppi. Sveitarstjórn telur ekki þörf á að breyta núgildandi reglum.
- 3. Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis og nefndarmanna Hrunamannahrepps ársins 2022: Breyting.**

Oddviti kynnti tillögu að greiðslu þóknunar til embættis og nefndarmanna Hrunamannahrepps ársins 2022 þar sem lögð er til sú breyting að sveitarstjórnarmenn fái greidd 10% af þingfararkaupi á mánuði og varamenn 4,5% af þingfarakaupi fyrir hvern setinn fund frá og með 1. júní s.l. en gert er ráð fyrir að sveitarstjórn fundi tvisvar á mánuði. Meirihluti sveitarstjórnar samþykkir breytinguna en auknum kostnaði við laun sveitarstjórnar og vegna starfssamnings oddvita að fjárhæð kr. 1,5 millj. verði mætt með lækkun á handbæru fé. L-listinn hafnar hækkunum á þóknun sveitarstjórnarmanna á þessu stigi og finnst að endurskoða eigi kjör fulltrúa í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar 2023.
- 4. Staðgengill sveitarstjóra.**

Oddviti kynnti starfslýsingu sveitarstjóra en þar er gert ráð fyrir að sveitarstjórn ákveði staðgengil sveitarstjóra. Sveitarstjórn samþykkir að oddviti verði staðgengill sveitarstjóra og staðgengilslaun verði innifalin í ráðningarsamningi oddvita.
- 5. Skipun fulltrúa í stjórn Landgræðslufélags Hrunamanna.**

Oddviti kynnti skipun fulltrúa í stjórn Landgræðslufélags Hrunamanna. Sveitarstjórn skipar Atla Geir Scheving Guðmundsson sem aðalman og til vara Kolbrúnu Haraldsdóttur.
- 6. Samráðshópur um málefni aldraða í Hrunamannahreppi. Tilnefning.**

Oddviti lagði fram tilnefningar Félags eldri borgara í Hrunamannahreppi um þrjá fulltrúa þeirra í Samráðshóp um málefni aldraðra í Hrunamannahreppi. Sveitarstjórn skipar því í Öldungaráð Hrunamannahrepps þau Magnús H. Sigurðsson, Önnu Ipsen og Guðrúnu S. Alfreðsdóttur. Þá skipar sveitarstjórn Þröst Jónsson sem formann ráðsins.
- 7. NOS: Aukaaðalfundur NOS.**

Oddviti kynnti fundarboð á aukaaðalfund NOS sem haldinn verður miðvikudaginn 29. júní n.k.

8. **Aðalskipulag Hrunamannahrepps: Ákvörðun skv. 35. gr. skipulagslaga.**
Oddviti fór yfir að skv. 35. gr skipulagslaga þurfi sveitarstjórn að meta hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið og tilkynna til Skipulagsstofnunar. Þar sem endurskoðað aðalskipulag Hrunamannahrepps tók gildi 2019 telur sveitarstjórn ekki þörf á endurskoðun aðalskipulagsins.
9. **Dómur í héraðsdómsmálinu E-439/2019.**
Oddviti kynnti dóm í héraðsdómsmálinu E-439-2019 í málinu Hrunamannahreppur gegn Hlíf Sigurðardóttur. Þá liggur einnig fyrir minnisblað frá Ólafi Björnssyni lögmanni um málið. Á fundinn mætir Torfi Ragnar Sigurðsson lögmaður í fjarfundi og fer yfir málið. Sveitarstjórn samþykkir að áfrýja ekki málinu.
10. **Forkaupsréttur: Ásabyggð 23.**
Oddviti kynnti beiðni frá Bjarna Þór Bjarnasyni lögmanni þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 23, skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 23, Flúðum í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-4129 skv. samþykktum kaupsamningi í eignina.
11. **Fornleifastofnun Íslands: Fornleifarannsóknir í landi Grafar.**
Oddviti kynnti skýrslu frá Fornleifastofnun Íslands vegna framkvæmdarannsóknar vegna byggingarframkvæmda í landi Grafar. Sveitarstjórn þakkar Fornleifastofnun fyrir góða skýrslu og samþykkir að hún verði gerð aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.
12. **Úthlutun úr Styrktarsjóði EBÍ 2022.**
Oddviti kynnti úthlutun úr Styrktarsjóði EBÍ 2022 þar sem sveitarfélaginu var úthlutaður styrkur að upphæð kr. 600.000 vegna verkefnisins „Skráning menningarminja ásamt þróun og gerð göngustíga með upplýsingaskiltum í Högnastaðaásnum“.
13. **Dagdvalaþjónusta í Uppsveitum.**
Oddviti kynnti erindi frá Bláskógabyggð um að unnin verði greining á þörf fyrir dagdvalaþjónustu eldri borgara í Uppsveitum. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í þarfagreiningunni en starfsmenn félagsþjónustu myndu greina þörfina og skila skýrslu til sveitarfélaganna. Þarfagreiningin yrði grunnur að umsókn til heilbrigðisráðuneytisins um dagdvalarrými fyrir svæðið ef vilji er til þess meðal sveitarfélaganna.
14. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis Secret cabin Hvítárdalur.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Elvars Loga Gunnarssonar um leyfi til reksturs gististaðar í flokk II-H frístundahús í Hvítárdal. Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við veitingu leyfisins en óskar eftir við samþykki leyfis að afrit þess verði sent til sveitarfélagsins.
15. **Menntun til sjálfbærni.**
Oddviti kynnti bréf frá kennurum vegna ákalls til sveitarstjórna um allt land – menntun til sjálfbærni. Sveitarstjórn vísar erindinu til skólanefndar.
16. **Náttúruskólinn Alviðru: Umsókn um rekstrarstyrk.**
Oddviti kynnti beiðni Náttúruskólans Alviðru um rekstrarstyrk við starf þeirra. Sveitarstjórn telur sér því miður ekki fært að verða við erindinu.
17. **Félag atvinnurekanda: Ályktun stjórnar vegna fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði.**
Oddviti kynnti bréf frá Félagi atvinnurekanda þar sem stjórn Félags atvinnurekanda ítrekar áskoranir sínar til sveitarfélaga að lækka álagningarprósentu fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði við gerð fjárhagsáætlana fyrir næsta ár til að bregðast við miklum hækkunum fasteignamats fyrir árið 2023. Sveitarstjórn mun fara yfir þær breytingar sem orðið hafa á fasteignamati í sveitarfélaginu við fjárhagsáætlunargerð núna í haust og meta þá hvort ástæða sé til breytinga á álagningarprósentum.
18. **Dómsmálaráðuneytið: Umsagnarbeiðni um frumvarp til breytinga á kosningalögum nr. 112/2021.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Dómsmálaráðuneytinu um frumvarp til breytinga á kosningalögum nr. 112/2021.

19. Íþróttafélag Uppsveita: Fundur með sveitarstjórn.

Oddviti kynnti beiðni frá Íþróttafélagi Uppsveita, ÍBU, þar sem óskað er eftir fundi með nýrri sveitarstjórn. Á fundinn mættu þeir Matthías Bjarnason og Gísli Þór Brynjarsson og gerðu grein fyrir félaginu og starfsemi þess. Sveitarstjórn þakkar fyrir góða kynningu og yfirferð á starfsemi félagsins og felur oddvita að funda með fulltrúum ÍBU og nágrannasveitarfélaga í Uppsveitum um næstu skref.

20. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn fimmtudaginn 4. ágúst n.k. kl. 14:00.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

21. Skólanefnd: Fundargerð 1. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 14. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar skólanefndar. Þar var fjallað um skýrslu skólastjóra og starfsmannamál. Nefndin fór einnig yfir þörf á viðhaldi á húsnæðinu og skýrslu heilbrigðiseftirlitsins þar sem gerðar eru ábendingar varðandi úrbætur sem þarf að sinna. Þá var farið yfir laun sambærilegra starfa milli skólastiga og tillaga lögð fram um hvernig hægt er að styrkja leikskólastigið og gera störf þar eftirsóknarverðari.

Sveitarstjórn telur ekki æskilegt að breyta launaflokkum ófaglærðra starfsmanna á meðan beið er niðurstöðu í endurmati þessara starfa sem nú er í gangi hjá Verkefnastofu starfsmats. Sveitarstjórn telur þó rétt að þessi störf megi að miklu leyti leggja að jöfnu og leggur því til að ófaglærðum starfsmönnum leikskólans Undralands verði greidd tímabundin viðbótarlaun er jafni laun þeirra við laun ófaglærðra starfsmanna grunnskóla er sinna sambærilegum störfum. Þessi ákvörðun taki gildi frá 1. ágúst n.k. þar til niðurstaða starfsmats liggur fyrir. Ef að kostnaður vegna þessarar tillögu rúmast ekki innan fjárhagsáætlunar mun viðauki vegna þessa verða lagður fram í haust.

Daði fulltrúi L-listans bókar eftirfarandi: L-listinn er afar hlynntur því að samræming verði gerð milli skólastiga varðandi laun almennra starfsmanna. Það samræmist stefnuskrá L-listans um eflingu leikskólastigsins. Laun eiga að vera sambærileg milli starfa í skólasamfélaginu.

Alexandra víkur sæti við meðferð og afgreiðslu þessa liðs.

Varðandi þær tillögur sem fram koma varðandi viðhald húsnæðis telur sveitarstjórn að margt af því sem þar kemur fram rúmist innan samþykkrar fjárhagsáætlunar. Öðrum hugmyndum er vísað til fjárhagsáætlunargerðar. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

22. Veitustjórn: Fundargerð 1. fundar nefndarinnar frá 14. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar veitustjórnar. Þar fór fram kynning á starfi nefndarinnar. Þá var farið yfir stöðu framkvæmda sem tengjast veitustjórn og rætt um fundartíma veitustjórnar. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

23. Fundargerð 241. fundar skipulagsnefndar frá 8. júní s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 241. fundar skipulagsnefndar frá 8. júní s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. júní s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi.

Mál nr. 20. Ásgarður, Kerlingarfjöll: Deiliskipulag.

Lagt var fram deiliskipulag fyrir reit Fannborgar ehf. innan Kerlingarfjalla eftir auglýsingu og athugun Skipulagsstofnunar. Í gildi er deiliskipulag, svæði Fannborgar, Ásgarði Kerlingarfjöllum, sem tók gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda þann 24.03.2014. Unnið er nýtt deiliskipulag á grunni gildandi skipulags af svæðinu. Meginmarkmið nýs deiliskipulags er að sníða ramma utan um ferðaþjónustu Fannborgar í Kerlingarfjöllum og tryggja þróun hennar til framtíðar í sátt við einstaka náttúru. Markmiðin eru þau sömu og markmið gildandi deiliskipulags en útfærð nánar fyrir svæði Fannborgar. Í þeim felst að bæta þjónustu við ferðamenn og auðvelda þeim sem sækja svæðið að njóta útivistar og náttúrufars án þess að valda röskun eða tjóni á lífríki svæðisins. Að hugað verði sérstaklega að gönguleiðum innan svæðisins og þær tengdar við leiðir sem liggja fyrir utan skipulagsmörkin. Að bæta gístiaðstöðu og bjóða fjölbreytta gistingu til að koma til móts við ólíkar óskir ferðalanga. Að nýta og

gera heilsteyptara það svæði sem þegar hefur verið tekið til ráðstöfunar. Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar er varðar matsskyldu verkefnisins og er hún lögð fram við afgreiðslu málsins. Málið var samþykkt til gildistöku á 238. fundi skipulagsnefndar með fyrirvara um samþykki Skipulagsstofnunar fyrir birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Athugasemdir komu fram frá Skipulagsstofnun við gildistöku málsins og eru þær athugasemdir lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan skipulagsgagna og með óverulegri breytingu á núgildandi skipulagi þar sem svæði hins nýja deiliskipulags er felld út úr skipulagi. Nefndin tekur ekki undir athugasemdir Skipulagsstofnunar er varðar takmarkanir frá ám og vötum. Að mati nefndarinnar er skýrt innan framlagðra gagna að ekki verði veitt leyfi fyrir útgáfu byggingar- og/eða framkvæmdaleyfis innan fyrrgreindra takmarkana nema undanþága ráðuneytis liggi fyrir. Að mati skipulagsnefndar er engin ástæða til að tefja gildistöku málsins á meðan óskað er undanþágu eða fella viðkomandi byggingarreit alfarið út úr skipulagi eingöngu til að taka skipulagið upp aftur þegar og ef undanþágan liggur fyrir. Verði undanþágan ekki veitt er eftir sem áður skýrt innan heimilda deiliskipulagsins að óheimilt er að gefa út byggingar- og/eða framkvæmdaleyfi innan fyrrgreinds byggingarreits. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lögð voru fram uppfærð gögn vegna deiliskipulagsins. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan skipulagsgagna og með óverulegri breytingu á núgildandi skipulagi þar sem svæði hins nýja deiliskipulags er felld út úr skipulagi. Sveitarstjórn tekur ekki undir athugasemdir Skipulagsstofnunar er varðar takmarkanir frá ám og vötum. Að mati sveitarstjórnar er skýrt innan framlagðra gagna að ekki verði veitt leyfi fyrir útgáfu byggingar- og/eða framkvæmdaleyfis innan fyrrgreindra takmarkana nema undanþága ráðuneytis liggi fyrir. Að mati sveitarstjórnar er engin ástæða til að tefja gildistöku málsins á meðan óskað er undanþágu eða fella viðkomandi byggingarreit alfarið út úr skipulagi eingöngu til að taka skipulagið upp aftur þegar og ef undanþágan liggur fyrir. Verði undanþágan ekki veitt er eftir sem áður skýrt innan heimilda deiliskipulagsins að óheimilt er að gefa út byggingar- og/eða framkvæmdaleyfi innan fyrrgreinds byggingarreits. Sveitarstjórn samþykkir því að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 21. Hrunamannafréttur: Kerlingarfjöll: Landvarðarskáli, deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi sem tekur til skilgreiningar lóðar fyrir landvarðarskála í Kerlingarfjöllum. Innan lóðar verður heimilt að byggja allt að 150 fm skálahús á einni til tveimur hæðum. Samhliða gildistöku þessa skipulags verður svæði felld út úr gildandi skipulagi svæðisins frá 2014. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að afgreiðslu málsins verði frestað. Skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands er varðar athugasemdir og umsagnir sem bárust vegna málsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að fresta afgreiðslu málsins og skipulagsfulltrúa verði falið að annast samskipti við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands er varðar athugasemdir og umsagnir sem bárust vegna málsins.

Mál nr. 22. Ásatúnsvallarland: Deiliskipulag.

Lögð var fram umsókn frá Ólafi Birni Blöndal er varðar deiliskipulag sem tekur til Ásatúnsvallarlands L218490. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda innan landsins sem er skilgreint sem landbúnaðarland innan aðalskipulags Hrunamannahrepps.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja deiliskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin mælist til þess að heimildir vegna uppbyggingar á íbúðarhúsi á byggingarreit 1 verði almenns eðlis fremur en að vísað sé til þess að núverandi hús verði íbúðarhús.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og mælist til þess að heimildir vegna uppbyggingar á íbúðarhúsi á byggingarreit 1 verði almenns eðlis fremur en að vísað sé til þess að núverandi hús verði íbúðarhús.

Mál nr. 23. Ásatúnsvallarland: Umsókn um byggingaheimild, sumarbústaður.

Lögð var fram umsókn Sigurðar Hallgrímssonar fyrir hönd Ólafs B. Blöndal, móttækin 13.05.2022, um byggingarheimild fyrir 30,2 m² sumarbústað og breyta notkun á golfskála í sumarhús á landinu Ásatúnsvallarland L218490 í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að breyttri skráningu hússins og byggingu nýs hús verði synjað þar til nýtt deiliskipulag svæðisins hefur tekið gildi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að synja um breytta skráningu hússins og byggingu nýs hús þar til nýtt deiliskipulag svæðisins hefur tekið gildi.

Mál nr. 24. Hvammur 1c: Umsókn um byggingarleyfi, breytt notkun garðaávaxtageymslu í íbúðarhúsnæði.

Lögð var fram umsókn Bláhvers ehf., móttækin 27.05.2022, um byggingarleyfi fyrir að breyta notkun á garðaávaxtageymslu mhl 01 í íbúð með bílgeymslu 186 m² og tækjageymslu 354 m² á lóðinni Hvammur 1C L225286 í Hrunamannahreppi. Heildarstærð bygginga er samtals 540 m².

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar og berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 25. Hlíð spilda 1: Landbúnaðarsvæði í skógræktar- og landgræðslusvæði og stækkun frístundasvæðis: Aðalskipulagsbreyting.

Lögð var fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Hlíðar spilda 1 í Hrunamannahreppi eftir auglýsingu. Á landinu Hlíð spilda 1 er um 13 ha frístundabyggð F1, það svæði verður stækkað og verður eftir stækkun um 23 ha. Einnig verður afmarkað allt að 65 ha skógræktar- og landgræðslusvæði. Í dag er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi og telst ekki til úrvals ræktunarlands. Athugasemdir og umsagnir bárust við kynningu og auglýsingu málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins. Að mati nefndarinnar hefur verið brugðist við athugasemdum með fullnægjandi hætti innan tillögu aðalskipulagsbreytingar þar sem við á. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins. Að mati sveitarstjórnar hefur verið brugðist við

athugasemddum með fullnægjandi hætti innan tillögu aðalskipulagsbreytingar þar sem við á. Sveitarstjórn óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 26: Ásgarður Kerlingarfjöllum: Breytt mörk: Óveruleg deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram umsókn frá Fannborg ehf. er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi sem afgreidd er samhliða nýju deiliskipulagi vegna reits Fannborgar í Kerlingarfjöllum. Í breytingunni felst að svæði sem tekur til nýs deiliskipulags er fellt út úr gildandi skipulagi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu og mælist nefndin til þess að skipulagsbreytingin taki gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda, samhliða verði hún send Skipulagsstofnun til varðveislu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu og mælist sveitarstjórn til þess að skipulagsbreytingin taki gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og samhliða verði hún send Skipulagsstofnun til varðveislu.

Mál nr. 30. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. júní s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. júní s.l.

24. Fundargerð 242. fundar skipulagsnefndar frá 22. júní s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 242. fundar skipulagsnefndar frá 22. júní s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. júní s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi.

Mál nr. 26. Jata: Umsókn um byggingarheimild.

Lögð var fram umsókn Valbjörns Æ. Vilhjálmssonar fyrir hönd Reglu Jötusystkina, móttekin 02.06.2022, um byggingarheimild fyrir 160 m² aðstöðu- og gistihús á jörðinni Jata L166988 í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU telur að forsenda fyrir útgáfu byggingarleyfis á grundvelli framlagðrar umsóknar sé gerð tillögu deiliskipulags sem tekur til framkvæmdaheimilda innan viðkomandi svæðis vegna umfangs umsóknar. Samkvæmt aðalskipulagi Hrunamannahrepps er svæðið skilgreint sem frístundasvæði F3. Mælist nefndin því til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að framlagðri umsókn um byggingarleyfi verði synjað þar til deiliskipulag fyrir svæðið hefur tekið gildi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að hafna framlagðri umsókn um byggingarleyfi þar til deiliskipulag fyrir svæðið hefur tekið gildi.

Mál nr. 27. Högnastaðir 2: Frístundarsvæði, stofnun lóðar.

Lögð var fram umsókn frá Jóni Hermannssyni er varðar stofnun lands umhverfis frístundasvæði að Högnastöðum 2.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja erindið með fyrirvara um lagfærð gögn. Nefndin telur ekki ástæðu til að fara fram á breytingu á deiliskipulagi þar sem sérstök heimild er veitt fyrir stofnun lóðar fyrir frístundasvæðið í heild og mælist til þess að landeignin verði stofnuð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir erindið með fyrirvara um lagfærð gögn og telur ekki ástæðu til að fara fram á breytingu á deiliskipulagi þar sem sérstök heimild er veitt fyrir stofnun lóðar fyrir frístundasvæðið í heild og að landeignin verði stofnuð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Mál nr. 28. Holtabyggð 213: Deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram tillaga er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi Holtabyggðar í landi Syðra-Langholt IV eftir grenndarkynningu. Í breytingunni felst að heimilað verði að nýta landhalla innan lóðarinnar Holtabyggð 213 til að byggja hús á niðurgrafinni kjallarahæð. Að auki er gert ráð fyrir hliðrun byggingarreitar innan lóðar til að koma fyrirhugaðri byggingu betur fyrir í landinu og breyttri aðkomu að lóð. Þar sem svæðið er nánast fullbyggt og þar sem nú þegar hafa verið veittar heimildir fyrir byggingu viðlíka bygginga innan svæðisins er farið þess á leit að viðkomandi breyting fái málsmeðferð á grundvelli óverulegrar breytingar á deiliskipulagi án grenndarkynningar. Þar sem jákvæð umsögn landeigenda lóðanna liggur fyrir breytingunni og sökum staðsetningar lóðar í landinu er talið að engin grenndaráhrif muni hljóta af umfram núverandi heimildir deiliskipulags.

Að mati skipulagsnefndar mun framlögð breyting á deiliskipulagi ekki valda grenndaráhrifum umfram það sem fyrir var samkvæmt gildandi deiliskipulagi svæðisins þar sem umrædd heimild fyrir niðurgrafinni hæð er ætlað að nýta landhalla svæðisins fyrir kjallarahæð. Fyrirhuguð hæð hússins frá jarðvegi ætti því að vera óbreytt auk þess sem núgildandi heimild innan deiliskipulags gerir ráð fyrir svefnlofti sem ekki er gert ráð fyrir í hönnun húss á lóð 213. Að auki færast byggingarreitur neðar í brekkuna sem lækkar húsið frekar í landinu. Nefndin bendir á að forsendur útsýnis og sjónlínu frá lóð 210 byggi ekki eingöngu á framlagðri breytingu á deiliskipulagi. Nú þegar er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir húsi á lóð 213 þar sem sem heimilt er, samkvæmt skilmálum deiliskipulags, að byggja upp hús á púða með lagnakjallara. Auk þess er heimild fyrir svefnlofti með viðeigandi rishæð. Hús á lóð 210 er auk þess staðsett nokkuð utan byggingarreits og er með kjallarahæð umfram núverandi heimildir deiliskipulags. Útsýni af lóð 210 byggir því ekki síður á því að húsið er ekki staðsett innan byggingarreits. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að ekki verði gerð athugasemd við gildistöku deiliskipulagsbreytingar eftir grenndarkynningu og mælist til þess að hún taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og verði send Skipulagsstofnun til varðveislu

Að mati sveitarstjórnar mun framlögð breyting á deiliskipulagi ekki valda grenndaráhrifum umfram það sem fyrir var samkvæmt gildandi deiliskipulagi svæðisins þar sem umrædd heimild fyrir niðurgrafinni hæð er ætlað að nýta landhalla svæðisins fyrir kjallarahæð. Fyrirhuguð hæð hússins frá jarðvegi ætti því að vera óbreytt auk þess sem núgildandi heimild innan deiliskipulags gerir ráð fyrir svefnlofti sem ekki er gert ráð fyrir í hönnun húss á lóð 213. Að auki færast byggingarreitur neðar í brekkuna sem lækkar húsið frekar í landinu. Sveitarstjórn bendir á að forsendur útsýnis og sjónlínu frá lóð 210 byggi ekki eingöngu á framlagðri breytingu á deiliskipulagi. Nú þegar er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir húsi á lóð 213 þar sem sem heimilt er, samkvæmt skilmálum deiliskipulags, að byggja upp hús á púða með lagnakjallara. Auk þess er heimild fyrir svefnlofti með viðeigandi rishæð. Hús á lóð 210 er auk þess staðsett nokkuð utan byggingarreits og er með kjallarahæð umfram núverandi heimildir deiliskipulags. Útsýni af lóð 210 byggir því ekki síður á því að húsið er ekki staðsett innan byggingarreits. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir gildistöku deiliskipulagsbreytingar eftir grenndarkynningu og mælist til þess að hún taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og verði send Skipulagsstofnun til varðveislu.

Mál nr. 30. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. júní s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. júní s.l.

25. UTU bs.: Fundargerð 93. fundar stjórnar UTU bs. frá 11. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 93. fundar stjórnar UTU bs. Þar var farið yfir ársreikning ársins 2021, nýjan þjónustusamning milli UTU bs. og Grímsnes- og Grafningshrepps, tengingu við pósthólf á island.is. Þá var farið yfir sumarlokun 2022. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

26. UTU bs.: Fundargerð 94. fundar stjórnar frá 8. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 94. fundar UTU bs. Þar var kosið um formann og varaformann UTU bs. Þá var farið yfir önnur mál. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

27. Seyrustjórnin: Fundargerð 1. fundar stjórnar frá 14. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar seyrustjórnar. Þar var kosning formanns og ritara. Farið var yfir starfshlutfall þjónustufulltrúa og vígslu Seyrustaða. Þá var farið yfir stöðu verkefnisins í sumar. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Önnur mál:

28. Aukning á stöðuhlutfalli talmeinafræðings.

Oddviti kynnti erindi frá Skóla- og velferðarþjónustu varðandi beiðni um að aukið verði við starf talmeinafræðings þannig að bætt verði við 70% stöðugildi, en nú er talmeinafræðingur í 60% starfshlutfalli, þannig að heildarstöðugildi verði 130%.

Sveitarstjórn samþykkir aukninguna og að staðan verði auglýst. Sveitarstjórn óskar eftir því að áður en til ráðningar komi verði sveitarfélögunum sendar upplýsingar um fjölda á biðlista og kostnaðarauka sem kann að verða á þessu ári.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. SASS: Fundargerð 582. fundar stjórnar frá 3. júní s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fundargerð 25. fundar frá 9. maí s.l.

Lagt fram til kynningar.

Oddviti fór yfir að boðað hafi verið til aukafundar í Héraðsnefndinni fimmtudaginn 30. júní n.k.

c. Bergrisinn bs. Fundargerð 40. stjórnarfundar frá 10. maí s.l.

Lagt fram til kynningar.

d. Bergrisinn bs. Fundargerð 41. stjórnarfundar frá 23. maí s.l.

Lagt fram til kynningar.

e. Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 7. fundar stjórnar frá 11. apríl s.l.

Lagt fram til kynningar.

f. Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 8. fundar stjórnar frá 5. maí s.l.

Lagt fram til kynningar.

g. Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð aðalfundar frá 5. maí s.l.

Lagt fram til kynningar.

h. Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 1. fundar stjórnar frá 13. maí s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

i. Miðlunargeymir Berghylsfjalli: Verkfundargerð 9. fundar.

Lagt fram til kynningar.

j. Miðlunargeymir Berghylsfjalli: Verkfundargerð 10. fundar.

Lagt fram til kynningar.

k. Uppsveitaorka ehf.: Ársreikningur 2021.

Lagt fram til kynningar.

l. Samtök orkusveitarfélaga.: Ársreikningur 2021.

Lagt fram til kynningar.

m. UTU: Hlíð spilda 1.

Lagt fram til kynningar.

n. UTU: Hrunamannafréttur. Kerlingarfjöll.

Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

o. Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf 29. júní n.k.

Lagt fram til kynningar.

p. Aukaaðalfundur Bergrisans bs. fimmtudaginn 30. júní n.k.

Lagt fram til kynningar.

q. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 28.-30. september n.k.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:50.